



Reykjavík, 2. nóvember 2023

ITR22090021

Umboðsmaður barna
Salvör Nordal
salvor.nordal@barn.is
Hafnartorgi
101 Reykjavík

Svar við fyrirspurn Umboðsmanns barna dags. 18. október 2023 um fylgd barna úr frístundaheimilum á íþróttæfingar

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 31. október 2022 var lögð fram umsögn Íþróttá- og tómstundasviðs (ITR) og Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) um frístundaakstur (íþróttakstur). Umsögninni var ætlað að svara fyrirspurnum frá Skóla- og frístundasviði (SFS) sem og frá umboðsmanni barna. Því miður láðist að senda svarið á þeim tíma til umboðsmanns barna. Í því svari var farið yfir tilhögun akstursins og eins ástæðu þess að sum félög hafi farið þá leið að rukka foreldra um akstursgjald þar sem kostnaður hefur aukist mikið og borgin ekki geta hækkað framlög sem því nemur. Einnig kvarta íþróttafélögin yfir því að fylgdin hafi í auknum mæli færst frá frístundinni yfir á „herðar“ þeirra. Kostir íþróttakstursins eru ótvíræðir en tryggja þarf jafnt aðgengi barna og vinna í að samræma framkvæmdina og gjaldtöku betur. Hér á eftir verður farið yfir þá umbótavinnu sem staðið hefur yfir síðan á vormánuðum 2023.

Almennt er fyrirkomulagið á íþróttakstrinum í Reykjavík þannig að það eru íþróttafélögin sjálf sem sjá um aksturinn með styrk frá Reykjavíkurborg. Þessi styrkur hefur staðið hverfisíþróttafélögunum í Reykjavík til boða frá árinu 2010. Ákveðinn rammi var settur utan um starfið frá upphafi. Þar kemur m.a. fram að í þeim tilfellum sem íþróttæfingar fyrir börn í 1. og 2. bekk eru fyrir kl. 16:30 á daginn og starfið er ekki í göngufæri fyrir börn frá frístundaheimilum, sjá viðkomandi félag um að aka börnum á æfinguna. Aksturinn standi öllum börnum á þessum aldiri til boða, án tillits til þess hvort þau eru á frístundaheimilum eða ekki. Gert var ráð fyrir að um væri að ræða aðra leiðina en að foreldrar sækji börnin á æfinguna, enda foreldrasamstarfið hjá íþróttafélögunum stór þáttur í forvarnargildi íþróttanna. Félögunum var upp á lagt að sækja um styrkinn fyrir akstrinum til ÍBR/ITR. Aksturinn mætti nýta fyrir börn í 3. og 4. bekk ef tíminn hentar og ef pláss er í rútunni. Annars gert ráð fyrir að börn í 3. bekk og eldri verði þjálfuð í því að taka strætó. Á þeim tíma sem þessi styrkur hefur staðið hverfisíþróttafélögunum til boða hefur nýting hans þróast á ýmsa vegu.

Á fundi sem haldinn var í júní 2023 að frumkvæði SFS með fulltrúum íþróttafélaganna og frístundaheimilanna kom m.a. fram að æfingarnar hafa færst framar á daginn sem gerir það að verkum að börnin þurfa að fara aftur til baka á frístundaheimilið með tilheyrandi viðbótar kostnaði og þá koma foreldrar heldur ekki á æfingastaðinn. Það hefur einnig í för með sér að álagið á frístundaheimilum verður mjög mikið þegar börnin eru að koma þangað úr skólanum, þurfa að borða, klæða sig og hafa til æfingadótið á sama tíma og verið er að koma þeim börnum sem ekki eru að fara á æfingu í skipulagt starf á frístundaheimilinu og gefa öllum að borða. Á fundinum var góð umræða um þessar áskoranir og greinilegt er að mjög gott samstarf hefur



víða þróast á milli frístundaheimila og íþróttafélaga. Sjá nánari upplýsingar um þennan fund hér: <https://reykjavik.is/frettir/ithrottaakstur-fra-fristundaheimilum-endurskodadur>. Miðað við umræðuna á fundinum er líklegt að flest hverfa íþróttafélögin séu að skoða til framtíðar að hafa æfingar yngstu barnanna ekki það snemma að það þurfi að koma þeim aftur til baka á frístundaheimilin. Það ætti að minnka umfangið og auka öryggið í kringum aksturinn.

Menningar- og íþróttasvið (MÍR – áður ÍTR) og ÍBR héldu fund með íþróttafulltrúum hverfisfélaganna 30. ágúst síðastliðinn. Þar kom m.a. fram að íþróttakstur barna í núverandi mynd væri það erfið áskorun fyrir félögin að sum treystu sér vart til að bjóða hann áfram nema með auknum stuðningi frá borginni. Þessi áskorun er vissulega mismikil sem ræðst að einhverju leiti af flækjustigini s.s vegna stærð hverfis, fjölda iökenda, fjölda greina og síðan kostnaði. Í framhaldinu boðuðu MÍR og SFS til aukafunda með ÍBR, íþróttafélögum og frístundaheimilum í öllum hverfum, til að ræða þetta mál sérstaklega og mögulegar lausnir. Ljóst er að framkvæmdin er með mismunandi hætti milli íþróttafélaga. Öllum er mjög umhugað um öryggi barnanna og heilt yfir endurspeglar framkvæmdin það. Í viðauka 1. má sjá stöðu á akstri og fylgd félaganna í dag.

Sérstakur fundur var einnig haldinn um þessi mál með Víkingum í september síðastliðinn, þar sem SFS hafði borist bréf frá foreldrum sem höfðu áhyggið af gæslu barna við Víkingsheimilið. Fulltrúi frá MÍR tók út „ferlið“ með því að fara með rútunni og sjá framkvæmdina með eigin augum. Framkvæmdin í Víkingshverfinu er með þeim hætti að börnin eru sótt í tveimur ferðum til frístundaheimilanna og síðan er börnum úr fyrri ferðinni skutlað til baka í frístundaheimilið. Starfsfólk frístundaheimilis fylgir börnum að rútunni. Starfsfólk íþróttafélags tekur á móti börnum að rútunni. Þar sem um litla rútu er að ræða (< 20 manna) er ekki metið þörf á að vera með fylgd í rútunni. Það getur verið misbrestur á að tekið sé á móti börnum þegar þau koma úr rútunni við íþróttahúsið. Þegar börn koma til baka í frístundaheimilið eru þau sett út á rútubílastæði en almennt ekki tekið á móti þar. Sumir foreldrar sækja börnin beint á íþróttæfinguna.


Í kjölfarið á þessum fundum og úttektinni á Víkings „ferlinu“ voru eftirfarandi stefnumiðuð tilmæli send til íþróttafélaganna:

1. Að börn í 1. og 2. bekk á frístundaheimilum endi daginn á æfingum, það er röðin eftir skóla sé 5. - 6. bekkur, 3. - 4. bekkur og loks 1. - 2. bekkur, þegar það á við. Þannig er reynt að stíla inn á að börnin á frístundaheimilum séu að æfa á tímabilinu 15:00 – 17:00.
2. Að eingöngu sé verið að bjóða akstur/og eða fylgd fyrir yngsta hópinn, það er 1. – 2. bekk.
 - a. Bara hægt að leyfa eldri börnum að „teika“ rútuna ef pláss.
3. Að reynt sé að safna hópnum frá frístundaheimilum saman í 1 – 2 ferðum en ekki skutlað til baka.
4. Að nota fleiri minni rútur ef vegalengdin er löng eða margir staðir svo að börnin séu ekki lengur en 20 – 30 mín. að komast á áfangastað.
5. Foreldrar sækji börnin beint á æfingu
 - a. Skoða þarf hvernig íþróttafélag gætir barna ef börn þurfa að bíða eftir að vera sótt. Best ef ákveðinn staður inní íþróttahúsi.
6. Að það sé boðið upp á fylgd í rútu a.m.k. ef stór rúta (> 20 manna)
 - a. Ef litlar rútur sem eru ekki með sérstaka fylgd þá er æskilegt að tryggt sé að það sé þá tekið á móti þeim hjá íþróttafélagi.
7. Að allir noti „Sportabler“ til að skrá sérstaklega í rúturnar til að sjá hvaða börn eiga að vera í rútunni þ.e foreldrar, íþróttafélag, frístundaheimili og rútubílstjóri geta séð “sín” börn. Það er mjög mikilvægt að þetta sé gert rétt þannig að það sé alltaf hægt að rekja ferðir yngstu barnanna og þar með eykur það öryggi þeirra.



8. Að samræma verðlagningu og allir rukki sama það er t.d 6.000 (1 ferð á viku)/12.000 (2 ferðir á viku)/18.000 (3 ferðir á vikur) pr. æfingarönn.
9. Að skólarnir séu með sama kennslutíma, það er t.d skólinn sé búinn kl. 14 hjá öllum í 1.-7. bekk.
10. Að styrkur Reykjavíkurborgar ásamt rútugjaldi standi sem mest undir kostnaði við rútuaksturinn. Framlag íþróttafélags er þá að tryggja fylgd og öryggi barna eftir að þau koma í rútuna.
 - a. Styrkur Reykjavíkurborgar getur þannig verið breytilegur milli íþróttafélaganna eftir umfangi akstursins í viðkomandi hverfi.
 - b. Skoða áfram samstarf við fristund um fylgdina
11. Að fá foreldra til að skutla yngstu börnum, allavega 1. bekk fyrstu tvær vikurnar eftir að skólinn byrjar, til að sýna þeim aðstöðu og leiðirnar og gefa þeim þannig færi á að aðlagast vel. Þá er hreinlega ekki verið að bjóða upp á akstur fyrstu tvær vikurnar.
12. Að taka þátt í upplýsingafundum fyrir foreldra barna í 1. bekk og segja frá akstrinum að hausti þ.e hvernig fyrirkomulagið er, að þau þurfi að hjálpa til við að bjálfa börnin sín í þessu og hversu mikilvægt út frá öryggi að þau skrái börnin í „Sportabler“.
13. Afmarka rútubílastæði á lóð félaganna þannig að verið sé að „sleppa“ börnum beint út á gangstétt. Nota girðingar ef stýra þarf börnum á rétta staði og stórir hópar að koma í einu.
14. Að skoða að bjóða þennan akstur heilstætt út til að lækka kostnað og tryggja stöðugleika í þjónustunni eða hvort hægt sé að nýta núverandi sundaksturssamning skóla- og fristundasviðs.

Einnig var teiknað upp æskilegt ferli við framkvæmdina á íþróttakstrinum. Myndin hér að neðan sýnir „ferlið“ eins og við teljum að það ætti að vera. Mikilvægt er, til að tryggja barnanna, að þau skipti um hendur ábyrgðaraðilanna þ.e.a.s. þegar fylgd eins aðila líkur hefst þar með móttaka næsta aðila o.s.frv.





Það eru sjálfsagt allir sammála um mikilvægi þess að bjóða yngstu börnunum þ.e. 1. og 2. bekk, að klára æfingar innan skóla- og frístunda dagsins. Til að það sé unnt þá er akstur og/eða fylgd stór breyta í að það gangi upp og enn fremur styður við tækifæri barna á þessum aldri að æfa íþróttir yfirhöfuð. En framkvæmdin þarf líka að vera fagleg og með hagsmuni og öryggi barnsins að leiðarljósi. Við erum því stöðugt að ræða þessi mál og endurskoða með að að leiðarljósi að geta geta haldið úti þessari þjónustu en jafnframt tryggt faglega framkvæmd. Foreldrar barnanna gegna líka lykilhlutverki að kenna börnum sínum öruggar og vistvænar leiðir að og frá íþróttasvæði og því leggjum við mikla áherslu á aukið samstarf við þá um þetta í gegnum upplýsingamiðlun, fræðslu og samtal.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri
menningar- og íþróttasviðs

Viðauki 1. íþróttakstur og fylgd barna frá Frístundaheimilum á íþróttæfingar

Skóli	Akstur		Fylgd		Annað fyrirkomulag
	Íþróttafélag	Straetó bs.	Íþróttafélag	Fristund	
Fram					
Ingunnarskóli	x		x		
Sæmundarskóli	x		x		
Dalskóli	x		x		
Ármann/bróttur					
Vogaskóli/Vogasel	x		x		
Langholtskóli/Glaðheimar	x		x		
Dalheimar					á ekki við - börn i 3. og 4. bekk
Laugarnesskóli/Laugarsel	x		x		
Fylkir					*Rútbílstjóri er starfsmaður Fylkis og sér um fylgd - líti rúta
Ártúnnsskóli	x		x*		
Árbæjarskóli	x		x*		
Selásskóli	x		x*		
Norðlingaskóli	x		x*		
Vikingur					
Hvassaleitisskóli	x			x	Fristund fylgir að rútu Vikingur tekur á móti úr rútu
Breiðagerðisskóli	x			x	Fristund fylgir að rútu Vikingur tekur á móti úr rútu
Fossvogsskóli				x	Fristund fylgir börnum að íþróttahúsi
KR					
Melaskóli			x		Gangandi fylgd
Vesturbæjarskóli			x		Gangandi fylgd
Landakotsskóli		x		x	
Grandaskóli			x		Gangandi fylgd
Valur					
Háteigsskóli	x		x		
Ísaksskóli	x		x		
Austurbæjarskóli	x		x		
Hlíðaskóli	x		x		
ÍR/Leiknir *					Fristund fylgir að rútu
Ölduselsskóli	x				
Seljaskóli	x				
Breiðholtsskóli	x				
Fellaskóli	x				
Hólabrekkskóli	x				
Fjölnir					Æfingar yngstu barna byrja 16:30 foreldrar fylgja
Rimaskóli					Æfing á staðnum
Foldaskóli			x		Fylgt af þjálfara
Húsaskóli					Labba sjálf - mjög stutt
Hamaskóli					Æfing á staðnum
Borgarskóli					Æfing á staðnum
Engjaskóli					Labba sjálf - mjög stutt